

FRÆDSLUEFNI

5-daga deild L-3 Landakoti



Upplýsingar sjúklings

Læknir: _____

Hjúkrunarfræðingur: _____

Sjúkraliði: _____

Sjúkraþjálfari: _____

Iðjuþjálfari: _____

Félagsráðgjafi: _____

Áætlaður útskriftardagur: _____

Verið velkomin á deildina

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um starfsemi deildarinnar og þjónustu í húsinu.

Deildin er 5-daga endurhæfingardeild, með 20 sjúkrarúm og er staðsett á 3. hæð á Landakoti. Við sem störfum á deildinni vonum að þú og fjölskylda þín upplifið dvölinna hjá okkur bæði gagnlega og ánægjulega.

Við erum ávallt tilbúin að ræða málin og svara þeim spurningum sem vakna.

Með ósk um gott samstarf

Starfsfólk L-3

Starfsemi deildarinnar

Á deildina koma aldraðir sem þurfa innlögn til endurhæfingar:

- vegna fjölþætt heilsufarsvanda, færnitaps eða félagslegs vanda.
- eftir að bráðaveikindi hafa verið meðhöndluð á öðrum deildum Landspítala.

Meginstarf deildarinnar er því mat, meðferð og endurhæfing aldraðra. Lögð er áhersla á að viðhalda og/eða auka líkamlega, andlega og félagslega færni, efla sjálfsbjörg við athafnir daglegs lífs og að auka hæfni einstaklinga til að takast á við breyttar aðstæður. Sé þörf á aðstoð eftir að heim er komið, svo sem heimahjúkrun eða heimilishjálp er hún skipulögð fyrir útskrift. Meðallegutími er 2-3 vikur á deildinni en oft er meðferð haldið áfram á dagdeild Landakots eða utan Landspítala.

Deildin opnar kl. 8 á mánudögum og lokar kl. 16 á föstudögum. Deildin er lokuð alla helgidaga. Æskilegt er að sjúklingar mæti ekki síðar en kl. 9.30 á mánudögum og fari heim ekki síðar en kl. 15.30 á föstudögum. Akstur til og frá spítalanum er á vegum sjúklinga og aðstandenda þeirra. Ritari sér um að panta ferðþjónustu aldraðra eða leigubíl ef óskað er.

Hjúkrun

Á deildinni er unnið samkvæmt einstaklingshæfðri hjúkrun sem þýðir að einn ákveðinn hjúkrunarfræðingur og sjúkraliði eru ábyrgir fyrir hjúkrun hvers sjúklings. Best er að leita til þeirra til að fá upplýsingar um líðan sjúklings eða til að miðla gagnlegum upplýsingum.

Teymisvinna

Ýmsir fagaðilar koma að meðferð sjúklingsins svo sem hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, læknar, sjúkrapjálfarar, iðjupjálfar, félagsráðgjafar, sálfræðingar og prestur. Farið er yfir stöðu hvers sjúklings á vikulegum fundum. Þannig verður meðferðin samfelldari og markvissari.

Takmarkanir á meðferð

Meðan á dvöl þinni stendur munu læknar ræða við þig um viðhorf þitt til takmarkana á meðferð, t.d. endurlífgunar og/eða gjörgæslumeðferðar, komi sú staða upp í framtíðinni.

Fjölskyldufundir

Í upphafi hvernar legu er metið af fagfólki hvort þörf verði á sérstökum fundi með sjúklingi og fjölskyldu. Sjúklingur og aðstandendur geta einnig óskað eftir slíkum fundi. Góð samskipti við fjölskyldur eru mikilvægur þáttur í meðferðinni.

Hagnýtar upplýsingar

Sjúklingar hafa með sér hjálpatæki, snyrtidót og fatnað að undanskildum nærfatnaði sem deildin leggur til. Aðstandendur sjá um að þvo fatnað sem sjúklingar eiga. Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

- Útvarp er við hvert rúm.
- Bækur frá Rauða krossinum eru í hillum í borðstofu og getur fólk fengið þær lánaðar að vild. Einnig koma sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum vikulega og bjóða bækur og hljóðsnældur.
- Hljóðsnældur - Þeir sem hafa fengið hljóðsnældur lánaðar heim frá Blindrabókasafni eru hvattir til að koma með þær á deildina.
- Vinsamlega munið eftir að skila bókum og hljóðsnældum.
- Lyf - Sjúklingar fá með sér lyf heim um helgar.

Ef sjúklingur í helgarleyfi veikist alvarlega á hann að leita til bráðamóttöku Landspítala. Í vægari tilfellum, sem þó geta ekki beðið, á að hafa samráð við vakthafandi deildarlækni á Landakoti og þá helst á milli klukkan 10 og 14. Hringið í skiptiborð LSH í síma 543-1000.

Þjónusta ýmissa fagaðila

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar starfa á deldinni allan sólarhringinn.

Læknar hafa viðveru á morgunvöktum en eru á bakvöktum allan sólarhringinn.

Sjúkráþjálfari kemur alla virka daga, metur og veitir meðferð. Hann útvegar hjálpartæki til göngu og veitir ráðgjöf.

Iðjuþjálfari veitir ráðgjöf og meðferð. Metur sjálfsbjargargetu sjúklings og útvegar hjálpartæki.

Félagsráðgjafi gefur ráð um félagsleg réttindi og fleira og veitir stuðningsviðtöl ef óskað er.

Auk þess er hægt að leita til sálfræðings, prests, næringarráðgjafa og annarra sérfræðinga með milligöngu fagaðila deildarinnar. Þjónusta tannlæknis er í boði á Landakoti eftir mati læknis á deild. Sömuleiðis er hægt að panta há-, hand- og fót snyrtingu. Sjúklingar þurfa að greiða fyrir þá þjónustu sjálfir

Helgistund er haldin í borðstofunni á fimmtudögum kl. 14:30

Við biðjum þig vinsamlegast að gera ekki viðveru eða veikindi annarra sjúklinga að umtalsefni.

Viðvörðun vegna lyfja

Mikilvægt er að sjúklingar taki engin önnur lyf en ávísuð eru af læknum deildarinnar þ.m.t. svefnlyf, róandi lyf og verkjalyf. Sömuleiðis þarf að upplýsa starfsfólk um töku bætiefna og náttúruyfja.

Það er óheimilt að hafa hjá sér eigin lyf meðan dvalið er á deildinni

Deildarstjóri á L-3 er Hildur Guðrún Elíasdóttir.

Símanúmer deildarinnar: 543 9878 og 543 9880.

Vinsamlegast athugið að sjúkráhúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkráhússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
FLÆÐISVIÐ

9. ÚTGÁFA, DESEMBER 2017

TEXTI:

HERDÍS HERBERTSDÓTTIR

HÖNNUN:

SAMSKIPTAÐEILD